



INNRA MAT Í GRUNNSKÓLANUM Á ÍSAFIRÐI 2017-2018

Líðan og þarfir nemenda, foreldrakönnun,
skólapúls, rannsóknir og greining og
starfsmannakönnun

Helga S. Snorradóttir
er ábyrgðarmaður skýrslu

Efnisyfirlit

Samantekt.....	2
1. Um Grunnskólann á Ísafirði.....	3
2. Eineltisáætlun skólans.....	4
3. Inngangur	5
4. Markmið.....	6
5. Viðmið	7
6. Niðurstöður	7
Kannanir um líðan.....	7
1. – 5. bekkur	8
6. - 10. bekkur	9
Lýðheilsa ungs fólks í Ísafjarðarbæ	10
Skólapúlsinn - starfsmannakönnun	11
Starfsmannakannanir skólans.....	14
Foreldrakannanir skólans	29
7. Nám og námsárangur	32
Samræmd könnunarpróf.....	32
Lesfimi	34
8. Umbótaáætlun.....	35
Nemendur.....	35
Starfsmenn	37
Foreldrasamstarf	37
Fylgiskjöl	38
I. Tengslakannanir	38
II. Markmiðsblað nemenda	39

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um matsverkefnin líðan og þarfir nemenda, starfsmannakannanir, niðurstöður úr nemendakönnunum Skólapúlsins, Rannsóknar og greiningar og starfsmannakönnun Skólapúlsins.

Meginmarkmið þessara verkefna eru:

- I) Að afla upplýsinga um líðan og þarfir nemenda í skólanum ásamt félagslegri stöðu, virkni og skóla- og bekkjaranda.
Skóla- og bekkjarandi er marktækt undir landsmeðaltali, þ.e. samband nemenda við kennara, agi í tímum og virk þátttaka nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu. Virkni nemenda í tímum er marktækt undir landsmeðaltali, þ.e. þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, trú á eigin vinnubrögð og trú á eigin námsgetu. Taka þarf á hávaða á göngum og í matsal.
- II) Að fá upplýsingar um ánægju nemenda af lestri.
Ánægja nemenda í 1. – 10. bekk af lestri er 0,1 stigi yfir meðaltali á landsvísu, 0,6 stigum í 2.bekk.
- III) Að fá upplýsingar um hvernig kennarar skólans meta áhersluatriði aðalnámskrár í skólabrag og kennsluháttum, ásamt mati á fagmennsku og samstarfi innbyrðis og við sérfræðinga.
Yfir 90% kennara telja skólastarf endurspeglar áhersluatriði aðalnámskrár í meðallagi eða af mikilli áherslu. Innbyrðis samstarf s.s. fagleg teymi og faglegir fimmtudagar fá góðar niðurstöður og langflestir ánægðir með þau störf. Utanaðkomandi sérfræðiþjónusta kemur ekki eins vel út þar sem 39% svarenda telja sálfræðiþjónustuna nýtast frekar illa eða illa og 47% svarenda telja talmeinaþjónustuna nýtast frekar illa eða illa. Þarna er veikleiki sem Skóla- og tómsfundasvið þarf að rýna í og bregðast við.
- IV) Að afla upplýsinga um upplifun starfsmanna af starfsaðstæðum sínum, faglegum stuðningi og skólabrag.
Starfsmannaviðtöl og gagnsemi þeirra langt yfir meðaltali. Tíðni áreitiss og eineltis er undir meðaltali og starfsumhverfi og ánægja með kennarastarfið marktækt yfir meðaltali.
- V) Að afla upplýsinga um hvernig nemendur skólans koma út námslega miðað við jafnaldra annarsstaðar á landinu.

Samkvæmt samræmdum könnunarprófum kemur 4. bekkur mjög vel út á landsvísu, nokkuð yfir meðaltali. 7. bekkur kemur þokkalega út, mætti vera betra, en hefur sýnt framfarir frá því í 4. bekk. Niðurstöður 9. bekkjar eru ekki nógu góðar á landsvísu. Lesfimiþróf MMS koma vel út í öllum bekkjum nema 9. bekk og þarf að grípa til aðgerða þar.

- VI) *Að afla upplýsinga um upplifun foreldra varðandi upplýsingamiðlun frá skólanum Facebook síður árganga, tölvupóstur, heimasíða skólans og Facebook síða skólans nýttast foreldrum best sem upplýsingaveitur. Á eftir þeim koma svo fréttabréf skólans, Mentor og samskipti í gegnum síma. 88% svarenda telja þessa miðla uppfylla upplýsingaþörf alltaf eða oftast, 11% stundum og 1% aldrei. Skólinn þarf að bregðast við nýjum persónuverndarlögum frá og með 15. júlí og loka Facebook síðum og leggja áherslu á heimasíðu skólans og Mentor sem samskiptamiðla.*

1. Um Grunnskólann á Ísafirði

Skólinn heitir Grunnskólinn á Ísafirði og er að Austurvegi 6, Ísafirði. Skólaárið 2017-2018 voru skráðir 360 nemendur við skólann. Húsið er þrjár byggingar sem tengdar eru saman. Haustið 2008 var tekin í notkun nýbygging sem byggð var við skólann, að hluta til utan um elsta skólann, gamla barnaskólann. Þar eru nú allar verkgreinastofur auk þriggja almennra kennslustofa og bókasafns. Skólinn var settur í fyrsta sinn 1874 og hefur því starfað óslitið í 142 ár. Rekið er frístundastarf fyrir nemendur í 1.-4. bekk í samstarfi við skólasvið Ísafjarðarbæjar, Héraðssamband Vestfirðinga og Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Einkunnarorð skólans, sem eiga að endurspeglast í öllu starfi hans, eru virðing, samhugur og menntun.

- Virðing: Í skólanum okkar ríkir virðing fyrir eigum, skoðunum og sérstöðu hvers og eins.
- Samhugur: Í skólanum okkar ríkir gleði og vellíðan. Við finnum fyrir samstöðu og trausti, hjálpumst að og erum örugg.
- Menntun: Í skólanum okkar ríkir vinnugleði, nýsköpun, gagnrýnin hugsun og virk uppbygging. Við höfum metnað, sköpunargleði, ábyrgð og kraft til að gera okkar besta.

2. Eineltisáætlun skólans

Einkunnarorð Grunnskólans á Ísafirði eru virðing, samhugur og menntun. Þessi hugtök eiga að endurspeglast í öllu starfi skólans. Markmið skólastarfsins er að hlúa að hverjum einstaklingi á viðeigandi hátt þannig að hann nái að eflast og þroskast á öllum sviðum. Einnig að skapa hvetjandi og gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk. Mikil áhersla er lögð á víðsýni og að nemendur taki þátt í að skapa réttlátt samfélag fyrir alla. Viðbragðsáætlun skólans byggir á ofangreindu og miðar að því að fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun og leiðum til að bregðast við slíkri hegðun. Allt starfsfólk skólans leggur sig fram um að vinna í anda áætlunarinnar enda hafa starfsmenn sett sér siðareglur þar sem meðal annars kemur fram að starfsfólk GÍ vinni að því að efla þroska nemenda, fræða þá og leiðbeina um jákvæða samskiptahætti og ábyrga framkomu. Skólinn einn og sér mun þó aldrei geta tekið á þeirri vanlíðan sem fylgir því að vera lagður í einelti eða stuðlað að uppbyggingu samfélags þar sem einelti er ekki samþykkt. Hér verða heimilin og samfélagið allt að koma að og því leitar skólinn eftir því að eiga gott samstarf við alla þá er koma að börnunum. Kjarninn í viðbragðsáætlun skólans er uppbyggingarstefnan – Uppeldi til ábyrgðar, sem skólinn hefur unnið eftir frá árinu 2006. Markmiðið með uppbyggingarstefnunni er að byggja upp sjálfsaga hjá nemendum og koma því til leiðar að þeir vilji haga sér vel til að þess að vera ánægðir með sjálfa sig, en ekki til þess að forðast refsingu eða hljóta umbun. Mikil áhersla er lögð á að nemendur velti fyrir sér spurningunni: Hvernig manneskja vil ég vera? Það er mikilvægt að hver og einn finni til ábyrgðar á hegðun sinni og sjái tilgang í því að koma vel fram, hvort sem einhver sér til hans eða ekki.

Skólinn hefur verið þátttakandi í Vinaliðaverkefninu, sem er forvörn gegn einelti með aukinni hreyfingu og leiðtogaþjálfun. Vinaliðar eru kosnir í 4. – 7. bekk til að setja upp, taka þátt í og aðstoða við afþreyingu í frímínútum. Þeir láta vita af því ef þeir halda að nemendum leiðist í skólanum, séu einmana eða ef þeir verða vitni að einelti og útilokun eða öðru sem getur valdið vanlíðan nemenda og hafa umsjónarkennarar, námsráðgjafi eða skólastjórnendur verið látnir af slíku til að vinna áfram með þau mál. Vinaliðar fá dagsnámskeið í leikjum og ráðleggingar um hvernig hægt er að hvetja aðra í leik og fá til þess stuðning og leiðsögn frá umsjónarmönnum verkefnisins, sem eru tveir íþróttakennarar skólans og hafa þeir fundað einu sinni í mánuði innbyrðis, en á tveggja vikna fresti með vinaliðum. Einnig hafa verið óformlegir fundir á skólatíma þegar þess þarf og lokahóf þar sem vinaliðum eru þökkuð góð störf. Verkefnið hefur gengið vel og er almenn ánægja hjá nemendum.

Grunnskólinn á Ísafirði hefur stuðst við Olweusaráætlunina – gegn einelti og andfélagslegri hegðun frá árinu 2002. Áætlunin byggist á því að vinna markvisst gegn einelti og er ætlað að vekja

alla til umhugsunar um að einelti sé skaðlegt. Kennarar hafa fylgt áætluninni vel eftir og til dæmis eru bekkjarfundir virkur þáttur í skólastarfinu. Undanfarin ár hefur ekki verið greitt fyrir eineltiskannanir og telst skólinn því ekki formlegur þátttakandi í áætluninni en öll önnur vinna til varnar einelti er með sama hætti og áður í skólanum og gerðar eru kannanir á líðan nemenda með reglulegu millibili. Síðastliðið haust fóru allir starfsmenn skólans á eineltisnámskeið hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur. Þá var unnið að endurskoðun eineltisáætlunar í vetur og var hún kynnt á starfsmannafundi, auk þess sem lögð var áhersla á að tilkynna öll tilfelli eineltis skriflega til eineltisteymis á þar til gerðu eyðublaði http://grisa.isafjordur.is/ymis_skjol/skra/152/ og kynna það fyrir foreldrum.

Tvær tilkynningar bárust eineltisteymi í vetur. Viðbragðsáætlun fór í gang og unnið samkvæmt henni. Niðurstöður voru þær að ekki var metið að um einelti væri að ræða í öðru tilfellinu, en vinna er í gangi með að styrkja þann einstakling sem um ræðir. Í hinu tilfellinu var metið að um einelti væri að ræða og fór það mál í farveg skv. eineltisáætlun skólans.

3. Inngangur

Í vetur var starfandi sjálfmatsteymi við skólann sem hélt utan um allt innra mat. Teymið hittist 3. hvora viku á þriðjudögum til að móta áætlun og fylgja því eftir að hver matsþáttur hafi verið tekinn fyrir, áætlun gerð, mat lagt fyrir, markmið skilgreind og úrbótaáætlun samin. Í sjálfsmatsteyminu í vetur sátu þau Helga S. Snorradóttir, aðstoðarskólastjóri, Inga Bára Þórðardóttir, námsráðgjafi, Guðlaugur V. Valdimarsson, kennari og Sóley Veturliðadóttir, þroskaþjálfari, auk þess sem Jóna Benediktsdóttir var teyminu til halds og trausts.

Síðustu ár voru meginviðfangsefni sjálfsmatsins endurskoðun skólanámskrár sem allir kennarar tóku þátt í og var ný útgáfa gefin út í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla og birt á heimasíðu skólans http://grisa.isafjordur.is/um_skolann/skolanamskra_2/.

Nauðsynlegt er að leggja mat á líðan nemenda á hverju ári með einhverjum hætti ásamt því að kanna ýmsa þætti sem snúa að starfsfólki og foreldrum. Þær kannanir sem lagðar voru fyrir í vetur voru eftirfarandi:

- G.Í. – Tengslakannanir nemenda
- G.Í. – Fagmennska og samstarf
- G.Í. – Samstarf heimila og skóla – upplýsingamiðlun
- G.Í. – Foreldrakönnun – skóladagatal o.fl.
- G.Í. – Starfsmannakönnun – skóladagatal o.fl.

- G.Í. – Kennarakönnun – Grunnþættir menntunar og áhersluatriði aðalnámskrár
- Skólapúlsinn – Nemendakönnun 1. – 5. bekkjar – ánægja af lestri
- Skólapúlsinn – Nemendakönnun 6. – 10. bekkjar – ánægja af lestri og vellíðan í skólanum
- Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun grunnskóla
- Rannsóknir og greining – Lýðheilsa ungs fólks í Ísafjarðarbæ (8. – 10. bekkur)

4. Markmið

Mat á skólastarfi er lögboðið og tekur til bæði ytra og innra mats. Innra mat skal vera í samræmi við skólanámskrá og er á ábyrgð skólastjóra. Skólar skulu gera fimm ára áætlun sem tekur til mats á öllum þáttum sem tilgreindir eru í skólanámskrá, áhersluþætti grunnskólalaga, ákvæði í aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélags. Markmið með innra mati í GÍ eru nokkur, meðal annars að:

- veita sveitarfélaginu, foreldrum, starfsmönnum skólans, nemendum og öðrum hagsmunaaðilum upplýsingar um skólastarfið.
- afla upplýsinga til að byggja á við umbótastarf í skólanum.
- tryggja að starfssemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár.

Auk þessa eru sett sérstök markmið vegna einstakra matsverkefna eftir aðstæðum hverju sinni. Eins og sjá má hér að neðan eru ákveðnir þættir skoðaðir árlega, þ.e. líðan og þarfir nemenda, áætlanir um umbætur og þróunarstarf og nám og námsárangur. Öðrum þáttum er dreift yfir skólaárin samkvæmt 5 ára skipulagi.

Eftirfarandi matsþættir voru á dagskrá skólaárið 2017-18.

- I) Að afla upplýsinga um líðan og þarfir nemenda í skólanum ásamt félagslegri stöðu, virkni og skóla- og bekkjaranda.
- II) Að fá upplýsingar um ánægju nemenda af lestri, ánægju og vellíðan í skólanum.
- III) Að fá upplýsingar um hvernig kennarar skólans meta áhersluatriði aðalnámskrár í skólabrag og kennsluháttum, ásamt mati á fagmennsku og samstarfi innbyrðis og við sérfræðinga.
- IV) Að afla upplýsinga um upplifun starfsmanna af starfsaðstæðum sínum, faglegum stuðningi og skólabrag.

- V) Að afla upplýsinga um hvernig nemendur skólans koma út námslega miðað við jafnaldra annarsstaðar á landinu.
- VI) Að afla upplýsinga um upplifun foreldra varðandi upplýsingamiðlun frá skólanum

5. Viðmið

Starfsfólk skólans hefur sett sér það markmið að skólinn sé laus við einelti, að nemendum líði almennt vel í skólanum og samskipti milli þeirra séu góð. Í stórum skóla er þó hæpið að gera ráð fyrir að allt sé ævinlega í besta lagi í samskiptum milli nemenda. Matsteymið telur eðlilegt að miða við að 90-95% nemenda í skólanum íði vel og eigi góða vini. Einnig hafa verið sett þau markmið að skólinn nái landsmeðaltali í öllum þáttum sem mældir eru í Skólapúlsinum. Í könnuninni sem lögð var fyrir eldri nemendur var einnig spurt hvar nemendur teldu líklegast að nemendur yrðu fyrir áreiti og hvernig áreiti væri algengast. Niðurstöður úr þeim spurningum eru aðeins ætlaðar til umræðu í bekkjunum og til viðmiðunar vegna skipulags gæslu og eru því ekki birtar hér. Einnig var spurt um ánægju með umsjónarkennara, viðhorf foreldra til skólans og tíðni erinda til stjórnenda skólans. Sambærilegar spurningar hafa áður verið lagðar fyrir foreldra og við mið skólans eru að ánægja foreldra mælist vaxandi.

6. Niðurstöður

Niðurstöður eru settar fram í sex undirköflum. Það eru niðurstöður úr tengslakönnunum skólans, niðurstöður úr 3 könnunum skólapúlsins, foreldrakönnun skólans og starfsmannakannanir skólans.

Kannanir um líðan

Tengslakannanir voru lagðar fyrir nemendur að hausti 2017 og aftur að vori 2018, en ekki var um að ræða frekari kannanir á meðal nemenda þetta árið á vegum skólans.

Matsviðmið: Að allir umsjónakennarar leggi fyrir tengslakannanir í sínum bekk og vinni með niðurstöðurnar til hagsbóta fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Börn eru talin þurfa aðstoð ef þau fá ekki a.m.k. 1 nefningu heima og 1 í skóla.

Umsjónarkennarar 1. -10. bekkjar lögðu fyrir tengslakannanir í sínum bekkjum. Kennarar unnu annaðhvort sjálfir úr könnununum eða námsráðgjafi aðstoðaði þá. Spurningar voru þrjár, hverjum

vilja börnin vinna með í tímum, vera með í frímínútum og eftir skóla (Sjá viðauka X).

Stuðningsfulltrúar og/eða kennarar aðstoðuðu yngstu börnin við að skrifa og þau eldri börn sem þurfa aðstoð. Námsráðgjafi safnaði saman niðurstöðum og voru kennarar síðan beðnir að gera grein fyrir því hvernig þeir hefðu brugðist við. Sendur var út fjöldapóstur á umsjónarkennara þar sem þeir voru beðnir að skila inn niðurstöðum tengslakönnunar og hvernig þeir hefðu brugðist við ef nemendur voru ekki nefndir.

Haustið 2017 lögðu allir umsjónarkennarar fyrir tengslakannanir utan einn, unnu úr þeim og skiluðu niðurstöðum til námsráðgjafa. Mál barna sem ástæða þótti til að hafa áhyggjur af voru skoðuð og viðeigandi ráðstafanir gerðar.

Úrbótaáætlun: Einn kennari framkvæmdi ekki tengslakönnun. Því var ákveðið að endurbæta eftirlit með framkvæmd kannanna og tók námsráðgjafi að sér eftirlit með þessu verkefni.

Vorið 2018 lögðu allir umsjónarkennarar fyrir tengslakönnun og unnu úr henni með eða án aðstoðar. Kennarar gerðu síðan grein fyrir hvernig þeir hefðu tekið á málum einstakra barna sem ekki höfðu fengið 1 nefningu heima og í skóla. Aðgerðir voru margvíslegar eftir ástæðum og högum hvers barns fyrir sig.

Skimunarlistinn CDI eða Child Depression Inventory var lagður fyrir nemendur í 9. bekk til að kanna líðan nemenda almennt. Námsráðgjafi sá um að taka við listunum eftir að kennari hafði séð um fyrirlögn og skora þá.

Viðmið: Viðmið voru fengin úr erlendum rannsóknum þar sem CDI hefur verið notað til að skima fyrir almennri vanlíðan og einkennum þunglyndis. Listinn er skoraður 1,0,2 og er miðað við að einhverskonar íhlutun eigi sér stað við 20+ stig.

Niðurstaða: Einn nemandi náði 20 stigum eða meira. Sá nemandi er í umfangsmiklu ferli hjá heilbrigðis og félagsmálaþjónustu, auk þess sem nemandi hittir námsráðgjafa og skólasálfræðing einu sinni í viku.

1. – 5. bekkur

Í könnun Skólapúlsins var spurt um ánægju af lestri í 1. – 5. bekk. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum. Sem viðmiðunarregla er munur á staðalnúkvarða upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

1. Ánægja af lestri

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 1.b	5,3	43	5,3	1.062	0,0
1.2. Ánægja af lestri 2.b	6,0	40	5,4	1.121	0,6*
1.3. Ánægja af lestri 3.b	4,5	31	5,0	1.134	-0,5
1.4. Ánægja af lestri 4.b	5,2	42	4,8	1.191	0,4
1.5. Ánægja af lestri 5.b	4,2	27	4,5	1.027	-0,3
1.6. Ánægja af lestri 1.-5.b	5,1	183	5,0	5.535	0,1

Eins og sjá má er lítill munur á ánægju af lestri hjá nemendum í 1. – 5. bekk G.Í. miðað við landið, nema hvað varðar 2. bekk, sem telst marktækt yfir landsmeðaltali. Þegar rýnt er í nánari niðurstöður má sjá að stelpurnar eru nákvæmlega á pari við aðra skóla, en strákarinnir í 2. bekk skora töluvert hærra en jafnaldrar þeirra í öðrum skólum eða 6,3 stig á móti 5,0 stigum.

6. - 10. bekkur

Í könnun Skólapúlsins var spurt um virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu, og skóla- og bekkjaranda.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,9	146	4,8	15.358	0,1
1.2. Þrautseigja í námi	4,5	146	5,0	15.114	-0,5*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,8	147	5,1	15.340	-0,3*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,0	146	4,9	15.336	0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,5	147	5,0	15.077	-0,5*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,3	147	4,9	15.325	-0,6*

Hér má sjá að nemendur G.Í. hafa minni trú á sér heldur en gengur og gerist og þrautseigja og áhugi á stærðfræði er einnig undir meðaltali. Þessu þarf að bregðast við.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,9	147	5,0	15.074	-0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,9	146	4,9	15.057	0,0
2.3. Velliðan	5,0	146	4,9	15.305	0,1
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	30	-	-	-
2.5. Einelti	5,3	146	5,2	15.291	0,1
2.6. Tíðni eineltis	13,0%	19 _{/146}	12,0%	1886 _{/15272}	1,0%
2.7. Staðir eineltis	-	19	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	27,9%	41 _{/147}	41,0%	6023 _{/14807}	-13,1%*
2.9. Hollt mataræði	4,9	147	4,8	15.044	0,1

Hvað varðar líðan og heilsu má sjá að nemendur í 6. – 10. bekk G.Í. eru alls staðar nánast á pari við aðra nemendur á landinu, nema hvað varðar tíðni hreyfingar utan skóla.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,9	146	5,0	15.035	-0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	4,6	147	5,0	15.273	-0,4*
3.3. Agi í tímum	4,2	147	5,0	15.263	-0,8*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,6	146	5,1	15.248	-0,5*
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	3,9	114	4,7	14.040	-0,8*

Niðurstöður hér eru ekki skólanum í hag, þar sem marktækur munur er á öllum þáttum nema samsömun við nemendahópinn. Á þessum þáttum þarf að taka.

Lýðheilsa ungs fólks í Ísafjarðarbæ

Rannsóknir og greining lögðu fyrir rannsókn á meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk Ísafjarðarbæjar.

Gera má ráð fyrir að 90% svörunar sé úr Grunnskólanum á Ísafirði miðað við skiptingu nemendafjölda.

Niðurstöður sýna að nemendur í Ísafjarðarbæ eru minna að fikta við áfengi og tóbak en jafnaldrar þeirra á landsvísu og í mjög mörgum tilfellum hafa þeir ekkert átt við vímuefni. 97% nemenda fá þau skilaboð frá foreldrum sínum að þeir séu algjörlega mótfallnir því að nemendur verði drukknir. Nemendur sjá betur tilgang með námi sínu en jafnaldrar. Strákar í okkar sveitarfélagi er í góðum samskiptum við kennara sína en samt líður einhverjum strákum illa í skólanum. Stúlkurnar eiga í einhverjum samskiptavanda og er vitað af honum hér í skólanum og unnið með hann hér innanhúss frá því að könnunin var lögð fyrir. Það er ánægjulegt að líðan bæði stúlkna og drengja hefur batnað töluvert, þunglyndi mælist nú undir landsmeðaltali hjá okkar ungmennum og kvíði töluvert undir landsmeðaltali.

Skólapúlsinn - starfsmannakönnun

Í marsmánuði lagði Skólapúlsinn fyrir starfsmannakönnun og var svarhlutfall 88,7%.

1. Allir starfsmenn - Almennt

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	91,9%	57/62	67,8%	1421/2044	24,1%*
1.2. Gagnsemi starfsmannviðtals	94,3%	50/53	83,2%	1108/1301	11,1%*
1.3. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	16,4%	10/61	19,2%	389/2061	-2,8%
1.4. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	8,2%	5/61	9,6%	194/2062	-1,4%

Almennu þættirnir koma allir vel út hjá skólanum, áreitni og einelti undir landsmeðaltali og starfsmannaviðtöl og gagnsemi þeirra langt yfir meðaltali.

2. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	5,4	60	5,1	2.081	0,3
2.2. Starfsandi innan skólans	4,9	60	5,0	2.060	-0,1
2.3. Stjórnun skólans	5,1	59	4,9	2.048	0,2
2.4. Upplýsingastreymi innan skólans	4,9	60	4,7	2.075	0,2
2.5. Starfsumhverfi í skólanum	5,3	59	4,7	2.053	0,6*

Viðhorf til skólans er nánast á pari við aðra skóla á landinu og enginn marktækur munur nema hvað varðar starfsumhverfi, en þar telja starfsmenn G.Í. það 0,6 stigum hærra en á landsvísu.

3. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja með kennarastarfið	5,8	37	4,7	1.262	1,1*
3.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,1	38	4,8	1.284	0,3
3.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,2	35	5,0	1.214	0,2
3.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	40,0 mín	27	43,2 mín	1.090	-3,2 mín
3.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	81,1%	30 _{/37}	65,3%	850 _{/1316}	15,8%*
3.6. Öllum bekknum kennt í einu	47,4%	18 _{/38}	49,5%	604 _{/1221}	-2,1%
3.7. Hópavinna í bekk	16,2%	6 _{/37}	32,4%	388 _{/1196}	-16,2%*
3.8. Einstaklingsvinna í bekk	31,6%	12 _{/38}	37,1%	465 _{/1269}	-5,5%
3.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	51,4%	19 _{/37}	50,1%	630 _{/1273}	1,3%
3.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	16,7%	6 _{/36}	17,4%	221 _{/1250}	-0,7%
3.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	64,9%	24 _{/37}	77,0%	988 _{/1286}	-12,1%*
3.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	2	-	-	-

Hvað kennarastarfið varðar er marktækur munur á ánægju þar sem kennarar G.Í. eru 1,1 stigi yfir landsmeðaltali. Þeir sinna undirbúningi mun meira í skólanum en annars staðar, en leggja mun minna upp úr hópavinnu og áherslu á námsmat með öðru en prófum.

4. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,7	31	4,8	1.169	0,9*
4.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,7	32	4,8	1.162	0,9*
4.3. Faglegur stuðningur skólustjóra við kennara	5,4	37	5,0	1.236	0,4
4.4. Samráð um kennslu	5,1	37	5,0	1.188	0,1
4.5. Samvinna um kennslu	4,7	34	5,2	1.197	-0,5*
4.6. Valddreifing við ákvarðanatöku	5,3	35	4,7	1.129	0,6*
4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	5,3	34	4,7	1.201	0,6*
4.8. Vinnuaðstæður kennara	5,8	35	5,1	1.242	0,7*

Starfsumhverfi kennara er greinilega í góðum málum innan G.Í. ef frá er talin samvinna um kennslu. Allir aðrir þættir eru um eða vel yfir meðaltali.

5. Kennarar - Mat og endurgjöf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Umfang mats og endurgjafar	62,9%	22/35	67,4%	788/1163	-4,5%
5.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	57,6%	19/33	54,8%	655/1173	2,8%
5.3. Sanngirni mats og endurgjafar	86,4%	19/22	91,6%	748/807	-5,2%
5.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	95,2%	20/21	88,1%	704/787	7,1%
5.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	4,9	21	4,6	777	0,3

Hvað varðar mat og endurgjöf er skólinn alls staðar innan marktæks munar á landsvísu.

6. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
6.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	65,6%	21 _{/32}	50,1%	582 _{/1140}	15,5%
6.2. Símenntunarpörf kennara	5,4	36	5,4	1.207	0,0
6.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-
6.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	55,9%	19 _{/34}	52,5%	611 _{/1180}	3,4%
6.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-
6.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	34	-	-	-


Símenntun kennara virðist vera í góðum málum og hafa þeir varið þó nokkrum tíma í þann þátt umfram landsmeðaltal.

Starfsmannakannanir skólans

Könnun varðandi skóladagatal næsta vetrar var einnig lögð fyrir starfsmenn skólans í febrúar s.l.



Hversu marga vetrarfrísdaga vilt þú helst hafa næsta vetur?

Answered: 41 Skipped: 1



Hvað viltu helst hafa marga foreldradaga/foreldraviðtalsdaga á næsta skólaári?

Answered: 31 Skipped: 11



Niðurstöður þessara tveggja kannanna þ.e. foreldra og starfsmanna voru á sama veg og var byggt á þeim við gerð skóladagatala næsta vetrar. Haustfundir eru áætlaðir fyrir foreldra, tveir vetrarfrisdagar verða að hausti og tveir að vori og foreldraviðtöl verða í ágúst, október og janúar.


Einnig var lögð könnun fyrir kennara, stuðningsfulltrúa og þroskaþjálfva varðandi fagmennsku og samstarf og var svörun um 82%. Þar kom fram að 71% svarenda höfðu nýtt sér faglega

fimmtudaga s.l. tvö ár, þar sem boðið er upp á faglega fræðslu eða örnámskeið annan hvorn fimmtudag, með undantekningum þó. 84% þeirra sem svöruðu töldu faglega fimmtudaga hafa nýst frekar vel eða vel og 16% frekar illa. Þeir sem ekki hafa nýtt sér þessa fræðslu segja ástæðuna tímasetningu, viðfangsefni ekki hentað, eða ekki haft tíma. Enginn telur áhugaleysi hamla sér.

Í sömu könnun var spurt um utanaðkomandi sérfræðipjónustu skólans.

Hversu vel finnst þér sálfræðipjónusta skólans nýtast þínum nemendum?

Answered: 28 Skipped: 7




ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Illa	7.14% 2
▼ Frekar illa	32.14% 9
▼ Frekar vel	46.43% 13
▼ Vel	10.71% 3
▼ Mjög vel	3.57% 1
TOTAL	28

Hér má sjá nokkuð athyglisverðar niðurstöður, þar sem 39% svarenda telja þjónustuna nýtast frekar illa eða illa og einungis 4% mjög vel.

Hversu vel finnst þér talmeinaþjónusta skólans nýtast þínum nemendum?

Answered: 30 Skipped: 5




ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Illa	13.33% 4
▼ Frekar illa	33.33% 10
▼ Frekar vel	40.00% 12
▼ Vel	13.33% 4
▼ Mjög vel	0.00% 0
TOTAL	30

Hér telja 47% svarenda að talmeinaþjónusta skólans nýtist nemendum frekar illa eða illa og 53% frekar vel eða vel, en enginn mjög vel.

Hversu vel finnst þér fagleg teymi kennara nýtast í starfi?

Answered: 34 Skipped: 1




ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Á ekki við mig	8.82% 3
▼ Illa	2.94% 1
▼ Frekar illa	5.88% 2
▼ Frekar vel	41.18% 14
▼ Vel	20.59% 7
▼ Mjög vel	20.59% 7
TOTAL	34

Í vetur hafa verið starfandi fagleg teymi kennara sem hist hafa þriðja hvern þriðjudag, á móti starfsmannafundum og deildafundum. Teymin hafa fjallað um ákveðna efni s.s. byrjendalæsi, erlend tungumál, innra mat, íslensku, stærðfræði og vinaliðaverkefnið. Langflestum finnst þessi teymi skila tilætluðum árangri í starfi.

Hversu vel finnst þér þjónustuteymi nemenda nýttast?

Answered: 29 Skipped: 6




ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Illa	3.45% 1
▼ Frekar illa	10.34% 3
▼ Frekar vel	41.38% 12
▼ Vel	34.48% 10
▼ Mjög vel	10.34% 3
TOTAL	29

Þjónustuteymi nemenda hittast reglulega, eftir þörfum hvers og eins. Um 86% svarenda þykir þau nýttast vel og 14% frekar illa eða illa.

Sú menntastefna sem birtist í Aðalnámsskrá grunnskóla er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskráargerðina. Þessir grunnþættir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim má skapa meiri heildarsýn um skólastarfið. Kennarar og stjórnendur skólans skilgreindu áhersluatriði hvers þáttar fyrir nokkrum árum og í nóvember s.l. var lögð könnun fyrir kennara, þar sem lagt var stöðumat á skólastarf G.Í. út frá þessum þáttum og má sjá niðurstöðurnar hér fyrir neðan.

LÆSI Skólastarf í GÍ miðar að almennu læsi, jákvæðu viðhorfi, góðum lesskilningi og ríkulegri lestrarmenningu. Hvað sjáum við í okkar skóla?

Answered: 34 Skipped: 0




ANSWER CHOICES	RESPONSES
<ul style="list-style-type: none"> Ekki áherslu á læsi - lítillestur, lítið úrval af bókum, vanbúið bókasafn, lítið af örvandi og hvetjandi veggspjöldum, lítið um aðra miðla s.s. blöð og tölvur. 	0.00% 0
<ul style="list-style-type: none"> Miðlungs áherslu á læsi - nokkuð um lestur, þokkalegt úrval af bókum, nokkuð vel búið bókasafn, nokkuð af hvetjandi veggspjöldum, nokkuð um aðra miðla t.d. blöð og tölvur. 	44.12% 15
<ul style="list-style-type: none"> Mikla áherslu á læsi - mikill lestur, fjölbreytt úrval af bókum sjáanlegt, vel búið bókasafn, mikið af hvetjandi veggspjöldum o.þ.h. mikið um aðra miðla t.d. blöð og tölvur. 	55.88% 19
TOTAL	34

Allir kennarar skólans telja miðlungs- eða mikla áherslu á læsi í skólanum.

Hvað heyrum við í okkar skóla?


Answered: 33 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á læsi - lítið lesið upphátt, lítið rætt um bækur, lítið hlustað á aðra miðla.	0.00% 0
▼ Miðlungs áherslu á læsi - nokkuð lesið upphátt, nokkuð rætt um bækur, nokkuð hlustað á aðra miðla.	60.61% 20
▼ Mikla áherslu á læsi - mikið lesið upphátt, mikið rætt um bækur, mikið hlustað á aðra miðla.	39.39% 13
TOTAL	33

Hvað finnum við í okkar skóla?


Answered: 34 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á læsi - áhugaleysi gagnvart lestri, lítið fylgst með lestrarkunnáttu nemenda.	2.94% 1
▼ Miðlungs áherslu á læsi - nokkurn áhuga á lestri, sæmilega fylgst með lestrarkunnáttu nemenda.	32.35% 11
▼ Mikla áherslu á læsi - mikinn áhuga á lestri, vel fylgst með lestrarkunnáttu nemenda.	64.71% 22
TOTAL	34

SJÁLFBÆRNILæsi á umhverfi og náttúru, virðing, gildi og lýðræðisleg vinnubrögð, efnahagsmál, framtíðarsýn Hvað sjáum við í okkar skóla?


Answered: 34 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Ekki áherslu á sjálfbærni - rust, drasl og dót út um allt, óskilamunir út um allt, engin flokkun, matarleifar, illa þrífð, nemendalýðræði ekki til staðar, sóun á efnivið, aðkeypt, unnið hráefni.	0.00% 0
Miðlungs áherslu á sjálfbærni - lítið rust og drasl, reynt að flokka, lítill árangur, ekki nógu vel farið með efni, ekki góð nýting á mat.	73.53% 25
Mikla áherslu á sjálfbærni- hreint og snyrtilegt, markviss flokkun, endurnýtanlegur efniviður í notkun, nemendalýðræði, matur unninn á staðnum, vel farið með hráefni, lítil notkun á pappír t.d. með notkun spjaldtölvu.	26.47% 9
TOTAL	34

Hvað heyrum við í okkar skóla?

Answered: 31 Skipped: 3




ANSWER CHOICES	RESPONSES
Ekki áherslu á sjálfbærni - tuð og skammir, mikill hávaði á göngum, óvægjin og ósanngjörn gagnrýni.	3.23% 1
Miðlungs áherslu á sjálfbærni - áminningar og aðfinnslur.	77.42% 24
Mikla áherslu á sjálfbærni - hrós, jákvæð skilaboð milli allra, uppbyggileg gagnrýni.	19.35% 6
TOTAL	31

Einn kennari eða 3% telur að ekki heyrir áhersla á sjálfbærni, en 97% telja að miðlungs- eða mikil áhersla heyrir í skólastarfinu.

Hvað finnum við í okkar skóla?


Answered: 34 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á sjálfbærni - vond lykt, ábyrgðarleysi, taumleysi, vantraust, óvirðing.	0.00% 0
▼ Miðlungs áherslu á sjálfbærni - takmarkað traust, lítil trú, vilji og áhugi á sjálfbærni en úrræðaleysi í framkvæmd.	73.53% 25
▼ Mikla áherslu á sjálfbærni - jákvætt andrúmstoft, traust, virðing.	26.47% 9
TOTAL	34

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDÍ skólastarfi GÍ er leitast við að gefa öllum nemendum tækifæri til að taka þátt í virku lýðræði, eflaábyrgðartilfinningu, þjálfu gagnrýna og skapandi hugsun og mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum. Hvað sjáum við í okkar skóla?

Answered: 34 Skipped: 0




ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á lýðræði og mannréttindi - nemendum stýrt að mestu leyti, efling þekkingar nemenda á mannréttindum er tilviljanakennd, nemendur koma lítt eða ekkert að ákvarðanatöku, fábreytt viðfangsefni og einsteit skil á verkefnum.	2.94% 1
▼ Miðlungs áherslu á lýðræði og mannréttindi - nemendur vinna jöfnum höndum að stýrdum og sjálfstæðum verkefnum, unnið með nokkuð markvissum hætti að því að efla þekkingu á almennum mannréttindum, nokkur virkni nemenda við ákvarðanatöku, nokkuð fjölbreytt verkefni og skil.	38.24% 13
▼ Mikla áherslu á lýðræði og mannréttindi - sjálfstætt vinnandi nemendur, unnið markvisst að eflingu þekkingar á almennum mannréttindum, virkni nemenda við ákvarðanatöku, fjölbreytt viðfangsefni og ólík skil.	58.82% 20
TOTAL	34

97% svarenda telja lýðræði og mannréttindi sýnileg í skólastarfinu.

Hvað heyrum við í okkar skóla?

Answered: 33 Skipped: 1




ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á lýðræði og mannréttindi - lítið af lýðræðislegum umræðum og skoðanaskiptum, nemendur taka sjaldan ábyrga afstöðu til álitamála.	6.06% 2
▼ Miðlungs áherslu á lýðræði og mannréttindi - að lýðræðislegar umræður og skoðanaskipti eru nokkuð algeng, nemendur taka gjarnan ábyrga afstöðu til álitamála.	54.55% 18
▼ Mikla áherslu á lýðræði og mannréttindi - lýðræðislegar umræður og skoðanaskipti, nemendur taka ábyrga afstöðu til álitamála.	39.39% 13
TOTAL	33

94% kennara telja sig heyra miðlungs- eða mikla áherslu á lýðræði og mannréttindi í skólastarfinu.

Hvað finnum við í okkar skóla?


Answered: 33 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áhersla á lýðræði og mannréttindi - skortur á umburðarlyndi gagnvart ólíkum einstaklingum, lítið nemendalýðræði, lítil virðing borin fyrir umhverfinu.	0.00% 0
▼ Miðlungs áhersla á lýðræði og mannréttindi - umburðarlyndi er ríkjandi gagnvart ólíkum einstaklingum, nemendalýðræði ríkir í flestum tilvikum, algengara er að virðing sé borin fyrir umhverfinu en ekki.	48.48% 16
▼ Mikil áhersla á lýðræði og mannréttindi - umburðarlyndi gagnvart ólíkum einstaklingum, ríkjandi nemendalýðræði, virðing fyrir umhverfinu.	51.52% 17
TOTAL	33

JAFNRÉTTI Að allir hafi hlutverki að gegna í skólastarfinu og taki þátt í að byggja lýðræðissamfélag þar sem jafnréttis, sanngirni og réttlætis er gætt í hvívetna. Hvað sjáum við í okkar skóla?


Answered: 32 Skipped: 2



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á jafnrétti - tillit til jafnréttis kynjanna, fötlunar eða þjóðernis ekki gætt við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal í íþrótt- og tómstundastarfi.	0.00% 0
▼ Miðlungs áherslu á jafnrétti - tillit til jafnréttis kynjanna, fötlunar eða þjóðernis að einhverju leyti gætt við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal í íþrótt- og tómstundastarfi.	43.75% 14
▼ Mikla áherslu á jafnrétti - tillit til jafnréttis kynjanna, fötlunar eða þjóðernis alltaf gætt við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal í íþrótt- og tómstundastarfi.	56.25% 18
TOTAL	32

Hvað heyrum við í okkar skóla?


Answered: 33 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á jafnrétti - hugtökum um kyn, kynhneigð, kynhlutverk uppruna og fatlanir beitt á niðrandi hátt, talað niður til nemenda vegna mismunandi menningar, þjóðernis, tungumála og lífsskoðana.	0.00% 0
▼ Miðlungs áherslu á jafnrétti - hugtökum um kyn, kynhneigð, kynhlutverk uppruna og fatlanir sjaldan beitt á niðrandi hátt, sjaldan talað niður til nemenda vegna mismunandi menningar, þjóðernis, tungumála og lífsskoðana.	48.48% 16
▼ Mikla áherslu á jafnrétti - hugtökum um kyn, kynhneigð, kynhlutverk, uppruna og fatlanir ekki beitt á niðrandi hátt, ekki talað niður til nemenda vegna mismunandi menningar, þjóðernis, tungumála og lífsskoðana.	51.52% 17
TOTAL	33

Hvað finnum við í okkar skóla?


Answered: 33 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Ekki áherslu á jafnrétti - við tökum ekki tillit til menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða og lífsskoðana annarra.	3.03% 1
Miðlungs áherslu á jafnrétti - við tökum að einhverju leyti tillit til menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða og lífsskoðana annarra.	36.36% 12
Mikla áherslu á jafnrétti - við tökum tillit til menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða og lífsskoðana annarra.	60.61% 20
TOTAL	33

HEILBRIGÐI OG VELFERÐSKólastarfið byggir á heilbrigði og velferð nemenda og starfsfólks og stuðlar þannig að jákvæðum skólabrag og að öllum líði sem best. Hvað sjáum við í okkar skóla?


Answered: 33 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES
Ekki áherslu á heilbrigði og velferð - þreytulegir nemendur og starfsfólk, dónaskapur, depurð, slen, neikvæðni, slæm umgengni, slæm mæting, einelti, ýmis vandamál, óábyrg hegðun.	3.03% 1
Miðlungs áherslu á heilbrigði og velferð - skortur á metnaði og áhugaleysi, orkuleysi og lífstill árangur, hætta á að heilbrigðislífsstíll festist ekki í sessi.	42.42% 14
Mikla áherslu á heilbrigði og velferð - glaðir og þróttmiklir nemendur og starfsfólk, vellíðan, aukinn náms- og starfsárangur, höllt mataræði, vel útbúin skólalóð, snyrtilegur skóli, sterk kynvitund, jákvæð og opin samskipti, virkir nemendur og starfsfólk, sjálfþryggi og sterk sjálfmynd, bætt samskipti foreldra og skóla, aukin innsýn foreldra í skólastarf, metnaður, lausnir í stað vandamála og samstöðu.	54.55% 18
TOTAL	33

Hvað heyrum við í okkar skóla?


Answered: 32 Skipped: 2



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á heilbrigði og velferð - neikvæðni, pírringur, kvartanir, dónaskapur, klám, klúryrði, neikvæð samskipti, úrtöluraddir.	3.13% 1
▼ Miðlungs áherslu á heilbrigði og velferð - neikvæðar raddir og árekstrar í samskiptum, skortur á áhuga foreldra, nemenda og starfsfólks.	50.00% 16
▼ Mikla áherslu á heilbrigði og velferð - vellíðan í raddblæ og umræðum, jákvæð samskipti, lausnir í stað vandamála, virkir foreldrar, nemendur og starfsfólk, hrós, metnaður og jákvætt umtal um skólann.	46.88% 15
TOTAL	32

Hvað finnum við í okkar skóla?


Answered: 32 Skipped: 2



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á heilbrigði og velferð - uppgjöf, vanlíðan, spenna, neikvæðni nærsamfélagsins gagnvart skólanum, úthaldsleysi, þröngsýni, vanmáttur, orkuleysi, slappleiki og kvíði.	6.25% 2
▼ Miðlungs áherslu á heilbrigði og velferð - vanlíðan og óöryggi, neikvæðni og áhugaleysi, tilgangssleysi og uppgjöf.	37.50% 12
▼ Mikla áherslu á heilbrigði og velferð - vellíðan, jákvæð samskipti, sjálfsöryggi, samheldni og eining, virðing, samhugur, metnaður og ábyrgð, starfsgleði, framsýni, virkni og stuðningur frá nemendum og starfsfólki.	56.25% 18
TOTAL	32

SKÖPUNVirkja áhugahvöt, efla frumkvæði, finna lausnir, taka ábyrgð, efla tilfinningaþroska og sköpunargleði, eflavinnugleði og vinnusemi, efla framkvæmdahæfni, styðja lýðræðislega vinnu.Hvað sjáum við í okkar skóla?


Answered: 33 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á sköpun - vansælir nemendur, einsleitni í verkefnum, kennarastýrð verkefni, lítið af verkum nemenda sýnileg, unnið með hverja námsgrein fyrir sig	3.03% 1
▼ Miðlungs áherslu á sköpun - sumir nemendur áhugasamir, leita lausna og taka ábyrgð á hegðun og vinnu, samþætting í nokkrum/stökum greinum, nemendur byrja að leita lausna.	60.61% 20
▼ Mikla áherslu á sköpun - áhugasamir nemendur virkir í lausnaleit og taka ábyrgð á vinnu og hegðun, fjölbreytt verkefni og verklag, nemendur hafa frumkvæði að verkefnum, umhverfi skólans skreytt með verkum nemenda, meira en einn réttur í boði í mótuneyti, fjölbreytt tjáning nemenda, brosandí og kátír nemendur, fjölbreyttar valgreinar, samstarf út fyrir skólann, samþætting námsgreina.	36.36% 12
TOTAL	33

Hvað heyrum við í okkar skóla?


Answered: 31 Skipped: 3



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á sköpun - kvartanir yfir mat, kennarar segja hvað og hvernig á að gera, nemendur gagnrýna sjálfa sig og aðra út frá samanburði.	9.68% 3
▼ Miðlungs áherslu á sköpun - heyrum spurningar hvort „eitthvað megi“, nemendur gagnrýna bæði þá sem fara út fyrir rammann og þá sem eru fastir fyrir.	51.61% 16
▼ Mikla áherslu á sköpun - nemendur leysa verkefni, reynsluheimur nemenda í verkum þeirra, nemendur gagnrýna sjálfa sig á uppbyggilegan hátt út frá eigin viðmálum og gildum, framlag nemenda skiptir máli, frjálstleg skoðanaskipti um skólalastarhö.	38.71% 12
TOTAL	31

Hvað finnum við í okkar skóla?

Answered: 31 Skipped: 3



ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Ekki áherslu á sköpun - nemendur þurfa samþykki/viðurkenningu kennara á verkum sínum, þröngir ramar/stíf viðmið, dómharka.	9.68% 3
▼ Miðlungs áherslu á sköpun - tilraunastarfsemi, óöryggi, ólga hjá hluta starfsmanna, mótþrói hjá sumum og vilja til breytinga hjá öðrum, aukin áhersla á ferli í stað afurða.	48.39% 15
▼ Mikla áherslu á sköpun - sjálfstæði og sjálfstraust, meiri samstarfsvilji nemenda, nemendur gera tilraunir og hafa áhrif, vísýni og umburðarlyndi, jákvæð samskipti, áhersla á samvinnu og samfellu, áhersla á ferli fremur en afurðir.	41.94% 13
TOTAL	31


Það er ljóst af þessari könnun að kennarar telja skólastarf G.Í. í góðu lagi hvað varðar áherslur á grunnþætti menntunar, þar sem yfir 90% svarenda telja skólastarfið endurspegla miðlungs- eða mikla áherslu á þá þætti. Það er einna helst hvað sköpunarþáttinn snertir að gera meggi betur, þar sem um 10% svarenda telja sig ekki finna áherslu á þann þátt.

Foreldrakannanir skólans

Í febrúar 2018 var lögð skoðanakönnun fyrir foreldra varðandi skóladagatal næsta vetrar, til að gæta sem best að lýðræðislegum ákvörðunum. Niðurstöður þessarar könnunar voru nýttar við gerð skóladagatals 2018-2019.


Hvenær viltu helst hafa foreldradaga/foreldraviðtalsdaga á næsta skólaári?
Foreldradagar teljast sem nemendadagar og lengja því ekki skólaárið.


Answered: 109 Skipped: 4



Hversu marga vetrarfrisdaga vilt þú helst hafa næsta vetur? Athugið að vetrarfrí telst ekki til nemendadaga og lengist skólaárið því sem því nemur fram á vorið.

Answered: 111 Skipped: 2





Þá var einnig lögð könnun fyrir foreldra varðandi samstarf heimila og skóla og upplýsingamiðlun. Þar kom fram að Facebook síður árganga, tölvupóstur, heimasíða skólans og Facebook síða skólans nýtast foreldrum best sem upplýsingaveitur. Á eftir þeim koma svo fréttabréf skólans, Mentor og samskipti í gegnum síma. 88% svarenda telja þessa miðla uppfylla upplýsingabörf alltaf eða oftast, 11% stundum og 1% aldrei. Það skal þó nefna það að Facebook síður árganga eru ekki á vegum skólans, en kennarar viðkomandi árganga hafa aðgang og koma upplýsingum á framfæri til foreldra.

Eftir foreldraviðtöl í janúar tóku umsjónarkennarar saman niðurstöður viðtalanna í grófum dráttum. Mætingar í foreldraviðtöl voru mjög góðar í yngri bekkjum, en dró nokkuð úr þeim í eldri bekkjum. Mæting á foreldradegi fór niður í 63% í einum árgangi og þurfti umsjónarkennari að finna tíma síðar til að hitta þá foreldra og gekk það upp að lokum. Helstu umræðuefni viðtalanna voru líðan, hegðun, námið, ástundun og félagatengsl. Þá var einnig rætt nokkuð um hávaða í matsal. Umsjónarkennarar greindu mjög oft almenna ánægju með skólann, en þó er alltaf eitthvað sem gera má betur. Umsjónarkennarar telja þó að öll mál hafi verið leyst, eða komið í farveg.

7. Nám og námsárangur


Í þessum kafla er staða skólans metin út frá niðurstöðum samræmdra prófa og annarra prófa er Menntamálastofnun leggur fyrir.

Samræmd könnunarpróf

Niðurstöður úr samræmdum prófum í 4. og 7.bekk lágu fyrir s.l. haust. Í 7.bekk var niðurstaðan nokkuð góð í íslensku eða 0.2 undir landsmeðaltali en ekki nógu góð í stærðfræði þar sem við vorum 3,3 undir landsmeðaltali. Þrátt fyrir þetta er árgangurinn að bæta sig frá því sem hann fékk á prófum í 4.bekk í báðum greinum. Í íslensku er þetta bæting um 1,2 og í stærðfræði er þetta bæting um 1,1 frá því sem sami árgangur fékk í fjórða bekk.

Í 4.bekk var árangurinn vel yfir landsmeðaltali í báðum greinunum, 1,9 yfir í íslensku og 2,2 yfir í stærðfræði. Þetta er besti árangur sem 4.bekkur í okkar skóla hefur náð og tengjum við hann við marga þætti. Þessi árgangur byrjaði í verkefnum *Stillum saman strengi* þegar hann var á síðasta ári í leikskóla og var jafnframt á fimm ára deild þar. Sú ráðstöfun hafði jákvæð áhrif á skólabyrjun. Í árganginum hefur líka verið unnið með hópaskiptingu og mikill stöðugleiki og metnaður hefur verið í kringum hann í skólanum.


Samræmt könnunarpróf 4. árgangur, okt. 2017, Grunnskólinn á Ísafirði



Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	37	8	21,6%	19	51,4%	10	27,0%
	Lestur	37	7	18,9%	19	51,4%	11	29,7%
Stærðfræði	Heild	36	5	13,9%	21	58,3%	10	27,8%
	Reikningur og aðgerðir	36	8	22,2%	19	52,8%	9	25,0%


Samræmt könnunarpróf 7. árgangur, okt. 2017, Grunnskólinn á Ísafirði



Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	34	7	20,6%	20	58,8%	7	20,6%
	Lestur	34	7	20,6%	21	61,8%	6	17,6%
Stærðfræði	Heild	33	11	33,3%	16	48,5%	6	18,2%
	Reikningur og aðgerðir	33	12	36,4%	16	48,5%	5	15,2%


Flokkun raðeinkunna
9. árgangur
Grunnskólinn á Ísafirði, mars 2018



Það er ljóst af þessum niðurstöðum að 4. bekkur er í virkilega góðum málum, en betur má ef duga skal með 7. og 9. bekk þó svo að 7. bekkur hafi bætt sig síðustu ár.

Samræmd könnunarpróf í 9. bekk þetta árið fóru að miklu leyti forgörðum vegna tæknilegra örðugleika MMS við fyrirlagningu þeirra. Fyrirlagning stærðfræðiprófsins gekk þó að óskum en niðurstöður skólans ekki nógu góðar þar sem 31% nemenda G.Í. fékk einkunnina A-B á móti 49% yfir landið. Þar af leiðandi eru 69% nemenda GÍ með einkunnina C-D á móti 51% yfir landið. Við birtum engar niðurstöður úr íslensku- og enskuprofi þar sem einungis tveir og þrír nemendur þreyttu þau próf.

Lesfimi



Lesfimiþróf Menntamálastofnunar voru lögð fyrir nemendur allra árganga á landinu þrisvar sinnum á þessu skólaári, þ.e. í september, janúar og maí. Hér fyrir ofan má sjá niðurstöður árganga og er GÍ mjög nálægt meðaltali alls staðar nema í 9. bekk sem sker sig verulega úr líkt og í samræmdu prófunum.

8. Umbótaáætlun

Umbótaáætlunin er í þremur hlutum. Aðeins eru teknar fyrir þær spurningar þar sem svör víkja að því marki frá viðmiðum að ástæða sé talin til sérstakra aðgerða af hálfu skólans. Hjá Skólapúlsinum teljast frávik upp að 0,5 stigum lítill munur, 0,6 – 1,0 stig töluverður munur og meira en 1,0 stig telst mikill munur.

Nemendur

Skóla- og bekkjarandi er marktækt undir landsmeðaltali, þ.e. samband nemenda við kennara, agi í tímum og virk þátttaka nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu. Virkni nemenda í tímum er marktækt undir landsmeðaltali, þ.e. þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, trú á eigin vinnubrögð og trú á eigin námsgetu.

Vinna þarf áfram með sjálfstyrkingu nemenda og virkja uppbyggingarstefnuna betur til þeirra verka. Einnig þarf að hvetja nemendur til eigin markmiðssetningar – sjá fylgiskjal II.

Framkvæmd: Uppbyggingarnámskeið hjá Joel Shimoji í ágúst n.k. fyrir alla starfsmenn. Lögð áhersla á að allir vinni með og tileinki sér uppbyggingarstefnuna, ekki eingöngu umsjónarkennarar heldur allir kennarar og starfsmenn.

Skólinn hyggst taka upp sjálfsmatskerfið Gæðagreina (e.How Good Is Our School) sem er skoskt kerfi sem gefist hefur vel í Skagafirði og víðar. Með gæðagreini er byggt á þátttöku nemenda í auknum mæli í mati á skólastarfi. Með því eru nemendur virkjaðir í mati á skólastarfi og sjálfsmati til frekari eflingar.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

Einn kennari framkvæmdi ekki tengslakönnun í vetur. Því var ákveðið að endurbæta eftirlit með framkvæmd kannanna. Ekki var um frekari kannanir á líðan nemenda í 1. – 5. bekk þetta skólaárið, en þarft að skoða það aftur að ári að leggja eineltiskönnun fyrir alla nemendur. Samkvæmt

Skólapulsinum var einelti í 6. – 10. bekk 0,1 stigi yfir landsmeðaltali og er það eitthvað sem við getum unnið í að lækka.

Framkvæmd: Aukin eftirfylgni með tengslakönnunum og eineltiskönnun skóla lögð fyrir alla nemendur. Enn og aftur þarf að hvetja alla til að tilkynna um öll tilvik eineltis, ekki er nóg að merkja við það í könnunum, heldur þarf að tilkynna það til að hægt sé að bregðast fljótt og vel við. Þá verða gæðagreinar nýttir til að efla innra starf.

Ábyrgð: Námsráðgjafi og skólastjórnendur.

Nemendur kvarta undan hávaða á göngum og í matsal og þarf að taka á þeim málum. Síðastliðið haust var brugðist við þessum vanda með því að auka gæslu, en það virðist ekki vera nóg og því nauðsynlegt að grípa til enn frekari aðgerða og fækka nemendum í matsal hverju sinni.

Framkvæmd: Fjölgun hópa í mötuneyti er áætluð næsta vetur, þar sem hóparnir verða 4 í stað 3 sem verið hafa s.l. skólaár. Færri nemendur verða þá í matsal hverju sinni. Ennfremur verði klárað það verk að setja hljóðdempandi dúka á öll borð í matsal. Það er töluverð umferð á göngunum í kringum matartímana og því er von til þess að sú umferð minnki talsvert þegar færri eiga erindi í matsalinn í einu. Gæðagreinar verða nýttir til að meta stöðuna.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

Samkvæmt samræmdum könnunarprófum kemur 4. bekkur mjög vel út á landsvísu, nokkuð yfir meðaltali. 7. bekkur kemur þokkalega út, mætti vera betra, en hefur sýnt framfarir frá því í 4. bekk. Niðurstöður 9. bekkjar eru ekki nógu góðar í stærðfræði á landsvísu. Lesfímipróf MMS koma vel út í öllum bekkjum nema 9. bekk. Vandinn virðist því vera mestur hjá 9. bekk og ljóst að grípa þarf til aðgerða þar strax í haust.

Framkvæmd: Gefa góða innspýtingu í íslenskuna strax að hausti með samhentum átaki allra kennara sem koma að 9. bekk með framhalds átak í stærðfræði í huga. Innleiðing gæðagreina í sjálfsmati skóla næsta haust mun einnig verða nýtt til að greina frekar stöðu og árangur í árganginum.

Ábyrgð: Námsráðgjafi og skólastjórnendur.

Starfsmenn

Starfsmannakannanir ársins komu mjög vel út, starfsmenn GÍ eru ánægðari með aðbúnað og almennan stuðning á vinnustað en gengur og gerist miðað við landsmeðaltal Skólapúlsins. Þessi niðurstaða kemur ánægjulega á óvart þar sem síðaliðinn vetur var mjög erfiður vegna mikilla langtímaveikinda starfsmanna sem eðlilega auka álag á vinnustaðnum. Það er þó eitthvað um áreitni og einelti á vinnustaðnum, þó svo að það sé vel innan marktæks munar á landsvísu. Þarna er þó áskorun til að gera betur og er það líkt og með nemendum, að yfirmenn þurfa að fá að vita af öllum slíkum málum.

Framkvæmd: Allir starfsmenn skólans hvattir til að tilkynna áreitni og einelti. Einnig fara allir starfsmenn á námskeið í ágúst bæði varðandi forvarnir gegn einelti og um leiðir til að efla eigin ábyrgð og jákvæðni í starfsumhverfinu. Gæðagreinar nýttir til að taka stöðuna og meta árangur.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

Foreldrasamstarf

Haldið verður áfram að byggja á þeim góða grunni sem lagður hefur verið varðandi foreldrasamstarf.

Framkvæmd: Áfram verður haldið með foreldraviðtöl á skólasetningardegi þar sem farið verður yfir mikilvægi daglegs lesturs og línur lagðar um einstaklingsmiðað heimanám fyrir nemendum og hver og einn setur sér markmið fyrir veturinn. Haustfundir verða endurvaktir samkvæmt vilja foreldra þar sem farið verður yfir skólastarfið. Gæðagreinar nýttir til að meta stöðu og árangur skólans í samstarfi við foreldra. Samkvæmt nýjum persónuverndarlögum verða Facebook síður lagðar niður, en aukin áhersla á heimasíðu skólans og nýtingu Mentor.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og umsjónarkennarar.

Fylgiskjöl

Skólinn hefur ekki heimild til að birta spurningar Skólapúlsins eða Rannsóknar og greiningar og því eru einungis birtar þær kannanir sem við gerum sjálf.

I. Tengslakannanir

1. -5. bekkur

Hvaða krökkum viltu helst sitja hjá þegar þú ert að læra í tímum?

Hvaða krakka viltu helst leika við úti í frímínútum?

Hvaða krakka leikur þú við eftir skóla?

6. bekkur

Hvaða krökkum vilt þú helst vinna með í tímum?

Hverjum viltu helst vera með úti í frímínútum?

Hverjum ertu helst með eftir skóla?

7. bekkur og upp úr

Hverjum viltu helst vinna með í tímum?

Með hverjum viltu helst vera í frímínútum?

Nefndu þá sem þú ert helst með eftir skóla?

II. Markmiðsblað nemenda

Grunnskólinn á Ísafirði

skólaárið 2017-2018

*Hver skóladagur ber í sér þroskamöguleika sem nýta þarf til fulls.
Að setja sér markmið er liður í því að ná sem bestum árangri.*

Nafn: _____ Bekkur: _____

Hvernig heldur þú að þessi vetur verði í skólanum?

Hver eru markmið þín í vetur?

Í hvaða námsgrein gengur þér best og hvers vegna?

Til hvers hlakkar þú mest í skólastarfinu? Af hverju?

Er eitthvað sem þú kvíðir fyrir? Ef svarið er já, af hverju kvíðir þú því?

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

undirskrift nemanda

staðfesting forráðamanns

Virðing – samhugur - menntun

